

AUGLÝSING

um umferð í Vesturbyggð.

Lögreglustjórnin á Patreksfirði hefur ákveðið, að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vesturbyggðar samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að:

I. Patreksfjörður

1. Barðastrandarvegur (62) innan þéttbýlis á Patreksfirði skal teljast aðalbraut frá vegamótum Bíldudalsvegur (63) á Björgum um Strandgötu og Þórsögötu að endapunkti hans á hafnarsvæði.
Við vegamót Barðastrandarvegur og Bíldudalsvegur skal umferð um Bíldudalsveg og Barðastrandarveg niður Mikladal hafa forgang.
2. Hámarkshraði innan þéttbýlis á Patreksfirði skal vera 35 km/klst. Þó skal hámarkshraði á Barðastrandarvegi (62) frá vegamótum Bíldudalsvegur (63) á Björgum um Strandgötu að Arakletti vera 50 km/klst.
3. Einstefna skal vera á Aðalstræti í suður frá vegamótum við Urðargötu að lóð nr. 62 við Aðalstræti.
4. Tvær hraðahindranir skulu settar á Aðalstræti til móts við grunnskóla og kirkju.
5. Bann er við að leggja ökutæki ofan Aðalstrætis frá Aðalstræti 21 að Aðalstræti 31.
6. Bann er við að stöðva eða leggja ökutæki neðan Aðalstrætis frá Aðalstræti 8 að Aðalstræti 62.
7. Biðskylda verði á Eyrargötu gagnvart umferð um Aðalstræti.
8. Biðskylda verði á Hjöllum gagnvart umferð um Sigtún.
9. Biðskylda verði á Brunnnum gagnvart umferð um Sigtún.
10. Biðskylda verði á Bjarkargötu gagnvart umferð um Urðargötu.
11. Biðskylda verði á Urðargötu gagnvart umferð um Aðalstræti.
12. Gangbraut verði þvert yfir Barðastrandarveg (62) vestanvert við göngubru á Mikladalsá að neðri brún Aðalstrætis á Björgum.
13. Bann við bifreiðastöðum beggja vegna Eyrargötu frá sundlaug að höfn er numið úr gildi.
14. Ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Patreksfirði sem fara í bága við þessa auglýsingu eru felld úr gildi.

II. Bíldudalur

1. Ketildalavegur (619) innan þéttbýlis á Bíldudal skal teljast aðalbraut frá vegamótum Bíldudalsvegur (63) um Dalbraut og Tjarnarbraut að endapunkti við Lönguhlíð.
Við vegamót Bíldudalsvegur og Ketildalavegur skal umferð um Bíldudalsveg og Ketildalaveg niður Bíldudal hafa forgang.
2. Hámarkshraði innan þéttbýlis á Bíldudal skal vera 35 km/klst.
3. Stöðvunarskylda verði á Hafnarteigi gagnvart umferð um Ketildalaveg (619)/Tjarnarbraut.
4. Gangbraut verði yfir Ketildalaveg (619) / Dalbraut gegnt skólatróppum.
5. Brekkustígur verði botngata, lokuð við Lönguhlíð.
6. Biðskylda verði á Hafnarbraut gagnvart umferð um Hafnarteig.
7. Hraðahindrun verði sett á Ketildalaveg (619) / Dalbraut innan við Kríubakka.
8. Strandgata frá Hafnarteigi að Strandgötu 10-12 verði skilgreind sem vinnusvæði.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðunar þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaganna.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 20. júní 2001.

Þórólfur Halldórsson.